Nr. 729 14. ágúst 2006

# REGLUGERÐ

**um (20.) breytingu á reglugerð nr. 340/2001 um eftirlit með fóðri.**

1. gr.

Með hliðsjón af tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar nr. 2005/86/EB og nr. 2005/87/EB er B-hluta, 1. viðauka, II. kafla reglugerðar nr. 340/2001 breytt sem hér segir:

1. Í stað 19. línu, kamfeklór, komi eftirfarandi:

| Óæskileg efni | Afurðir sem ætlaðar eru í fóður | Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihald |
|---|---|---|
| (1) | (2) | (3) |
| „19. Kamfeklór (toxafen) – summa efnamyndavísa CHB 26, 50 og 62 (*) | – Fiskur, önnur lagardýr, afurðir þeirra og aukaafurðir, að undanskildu fisklýsi | 0,02 |
| | – Fisklýsi (**) | 0,2 |
| | – Fiskafóður (**) | 0,05 |

(*) Tölusetningarkerfið er samkvæmt Parlar, og á undan fer annaðhvort „CHB“ eða „Parlar #“:
– CHB 26: 2-endó,3-exó,5-endó, 6-exó, 8,8,10,10-októklórbornan,
– CHB 50: 2-endó,3-exó,5-endó, 6-exó, 8,8,9,10,10-nonaklórbornan,
– CHB 62: 2,2,5,5,8,9,9,10,10-nonaklórbornan.
(**) Gildin skulu endurskoðuð eigi síðar en 31. desember 2007 með það að markmiði að lækka hámarksgildin.“

2. Í stað 2. línu, blý, komi eftirfarandi:

| Óæskileg efni | Afurðir sem ætlaðar eru í fóður | Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihald |
|---|---|---|
| (1) | (2) | (3) |
| „2. Blý (*) | Fóðurefni, að undanskildu: | 10 |
| | – grænfóðri (**) | 30 (***) |
| | – fosfötum og kalkkenndum sjávarþörungum | 15 |
| | – kalsíumkarbónati | 20 |
| | – geri | 5 |
| | Aukefni sem tilheyra hópi snefilefnablandna, að undanskildu: | 100 |
| | – sinkoxíði | 400 (***) |
| | – manganoxíði, járnkarbónati, koparkarbónati | 200 (***) |
| | Aukefni sem tilheyra hópi bindi- og kekkjavarnarefna, að undanskildu: | 30 (***) |
| | – klínoptílólíti úr gosmyndunum | 60 (***) |
| | Forblöndur | 200 (***) |
| | Fóðurbætir, að undanskildum: | 10 |
| | – steinefnablöndum | 15 |
| | Heilfóður | 5 |

(*) Hámarksgildi vísa til magngreiningar á blýi þar sem útdráttur er gerður í saltpéturssýru (5% miðað við rúmmál) í 30 mínútur við suðumark. Nota má jafngildar útdráttaraðferðir hafi verið sýnt fram á að sú aðferð, sem notuð er, hafi samsvarandi skilvirkni í útdrætti.
(**) Grænfóður tekur til afurða sem ætlaðar eru sem fóður, s.s. heys, votheys, grass o.s.frv.
(***) Gildin skulu endurskoðuð eigi síðar en 31. desember 2007 með það að markmiði að lækka hámarksgildin.“

3. Í stað 3. línu, flúor, komi eftirfarandi:

| Óæskileg efni | Afurðir sem ætlaðar eru í fóður | Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihaldi |
|---|---|---|
| (1) | (2) | (3) |
| „3. Flúor (*) | Fóðurefni, að undanskildu: | 150 |
| | – fóðri úr dýraríkinu, að undanskildum sjávarkrabbadýrum, s.s. átu | 500 |
| | – sjávarkrabbadýrum, s.s. átu | 3000 |
| | – fosfötum | 2000 |
| | – kalsíumkarbónati | 350 |
| | – magnesíumoxíði | 600 |
| | – kalkkenndum sjávarþörungum | 1000 |
| | Vermikúlít (E 561) | 3000 (**) |
| | Fóðurbætir | |
| | – sem inniheldur ≤ 4% fosfór | 500 |
| | – sem inniheldur > 4% fosfór | 125 fyrir 1% fosfór |
| | Heilfóður, að undanskildu: | 150 |
| | – heilfóðri fyrir nautgripi, sauðfé og geitur | |
| | – – á mjólkurskeiði | 30 |
| | – – öðru | 50 |
| | – heilfóðri fyrir svín | 100 |
| | – heilfóðri fyrir alifugla | 350 |
| | – heilfóðri fyrir kjúklinga | 250» |

(*) Hámarksgildi vísa til magngreiningar á flúori þar sem útdráttur er gerður í 1 N saltsýru í 20 mínútur við umhverfishita. Nota má jafngildar útdráttaraðferðir, hafi verið sýnt fram á að sú aðferð, sem notuð er, hafi samsvarandi skilvirkni í útdrætti.
(**) Gildin skulu endurskoðuð eigi síðar en 31. desember 2007 með það að markmiði að lækka hámarksgildin.“

4. Í stað 6. línu, kadmíum, komi eftirfarandi:

| Óæskileg efni | Afurðir sem ætlaðar eru í fóður | Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihaldi |
|---|---|---|
| (1) | (2) | (3) |
| „6. Kadmíum (*) | Fóðurefni úr jurtaríkinu: | 1 |
| | Fóðurefni úr dýraríkinu | 2 |
| | Fóðurefni úr steinaríkinu, að undanskildum: | 2 |
| | – fosfötum | 10 |
| | Aukefni, sem tilheyra hópi snefilefnablandna, að undanskildum: | 10 |
| | – koparoxíði, manganoxíði, sinkoxíði og einvötnuðu mangansúlfati | 30 (**) |
| | Aukefni sem tilheyra hópi bindi- og kekkjavarnarefna | 2 |
| | Forblöndur | 15 (**) |
| | Steinefnafóður | |
| | – sem inniheldur < 7% fosfór | 5 |
| | – sem inniheldur ≥ 7% fosfór | 0,75 fyrir 1% fosfór, að hámarki 7,5 |
| | Fóðurbætir fyrir gæludýr | 2 |
| | Annar fóðurbætir | 0,5 |
| | Heilfóður fyrir nautgripi, sauðfé og geitur og fiskafóður, að undanskildu | 1 |
| | – heilfóðri fyrir gæludýr | 2 |
| | – heilfóðri fyrir kálfa, lömb og kiðlinga og öðru heilfóðri | 0,5 |

(*) Hámarksgildi vísa til magngreiningar á kadmíum þar sem útdráttur er gerður í saltpéturssýru (5% miðað við rúmmál) í 30 mínútur við suðumark. Nota má jafngildar útdráttaraðferðir hafi verið sýnt fram á að sú aðferð, sem notuð er, hafi samsvarandi skilvirkni í útdrætti.
(**) Gildin skulu endurskoðuð eigi síðar en 31. desember 2007 með það að markmiði að lækka hámarksgildin.“

2. gr.

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76 frá 2006, frá 7. júlí 2006, skulu tilskipanir framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 2005/86 og 2005/87 öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka EES-samningsins og öðrum ákvæðum hans.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 14. ágúst 2006.*

F. h. r.
**Níels Árni Lund.**

*Baldur P. Erlingsson.*